

Fundargerð 102. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn miðvikudaginn 31. mars 2016, kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Sævar Örn Kristjánsson, Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Andrés Bjarnason, Gunnar Sk. Gunnarsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Samúel Ingvarson

Á fjarfundi: Jón Jóhannsson og Guðmundur Sigurvinsson.

Fjarverandi: Gylfi Ingvarsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 101
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Aðalfundur 29. apríl 2016
 - a. Lagabreyting
Tillaga um lagabreytingu fyrir Aðalfund VM 2016
Undirskrift vegna lagabreytinga
 - b. AKKUR
Tillögur um stjórnarmenn í AKK
 - c. Fundarstjóri
 - d. Fjárheimild v/orlofshúsa
4. Staðan vegna nýs samningsmódelis
Bréf frá ASÍ vegna fundar 7. maí um nýtt kjarasamningslíkan
Staðan vegna samningsmódelis
5. Hækkun á skylduiðgjaldi í lífeyrissjóði
6. Lagt fram til upplýsingar
Analytica Greidslubyrði 16.02.16.
Reglugerð um bókhald og ársreikninga aðildarsamtaka ASÍ 17. 2. 2016.
Sýnishorn af stuðningi frá erlendum félögum og samböndum
7. Önnur mál

Mál 1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 101

Fundargerð 101 fundar

Mál 2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

Kjaraviðræður ÍSAL. Miðlunartillaga frá Ríkissáttasemjara í kosningu.
Viðræður við SFS. Fundað undir stjórn ríkissáttasemjara. Áætlað að gera samning um launaliði en setja stóru málin í vinnu. Sú vinna verður unnin undir stjórn utanaðkomandi aðila.
Samningar við orkufyrirtækin eru ófrágengnir þ.e. breytingar vegna samkomulags frá janúar 2016. Uppfæra þarf launatöflu í kaupskipasamningi.

Mál einstaklings gegn félaginu vegna Akks verður tekið fyrir 12. apríl. Hugsanlegt að félagið þurfi að kalla menn fyrir.

Málum vegna fækkunar vélstjóra á uppsjávarskipum lauk í gær. Formaður mun úrskurða og fulltrúar SFS samþykkja niðurstöðuna.

Mál 3. Aðalfundur 29. apríl 2016

a. Lagabreyting

Tillaga um lagabreytingu fyrir aðalfund VM 2016. Tvær samhljóða tillögur hafa borist með undirskriftum samtals 17 félagsmanna. Breytingarnar varða einungis fyrirkomulag formannskjörs. Áætlað er að laganefnd fari yfir tillöguna fyrir aðalfund.

b. AKKUR

Tillögur um stjórnarmenn í AKK

Aðalmenn: Ólafur Grétar Kristjánsson (formaður), starfsmaður Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Steingrímur Haraldsson, Hættur á vinnumarkaði. Einar Hilmarsson, Frumherja

Til vara: Guðmundur Ragnarsson, VM. Jón Jóhannsson, Kælismiðjan Frost. Sævar Örn Kristjánsson, Landsvirkjun. Tillagan samþykkt

c. Fundarstjóri

Tillaga um að fá utanaðkomandi fundarstjóra. Formanni falið að finna fundarstjóra. Lagt til að hann leiti til lögmanns hjá ASÍ.

d. Fjárheimild v/orlofshúsa

Heildarkostnaðaráætlun vegna framkvæmda á Laugarvatni undanfarið auk byggingar fjögurra húsa. Óskað verður eftir framlagi úr félagssjóði.

Samþykkt að leggja tillögu um þetta viðbótarframlag fyrir aðalfund.

Mál 4. Staðan vegna nýs samningsmódelis

Bréf barst frá ASÍ um fund um nýtt kjarasamningslíkan sem haldin verður í Hörpunni þann 7. maí. Áætlað er að 500 manns frá samtökum launafólks og atvinnurekendum taki þátt. ASÍ fær 195 sæti af 360 sem ætluð eru samtökum launafólks. Áætlað er að undirbúningsfundur ASÍ félaganna verði þann 27. apríl á Nordica.

Staða mála vegna samningsmódelisins er óljós því ekki er búið er að ganga frá því hvað eigi að gera við 3,5% viðbótarframlagið. Þ.e. hvort því verði skipt milli samtryggingar- og séreignasjóða. Vegna þessarar óvissu er óvíst hvort dagsetningar fundanna muni halda.

Mál 5. Hækkun á skylduiðgjaldi í lífeyrissjóði

Það gleymdist að setja blað vegna þessa máls á svæði stjórnar á heimasíðu VM

Mál 6. Lagt fram til upplýsingar

Analytica Greiðslubyrði 16.02.16.

Reglugerð um bókhald og ársreikninga aðildarsamtaka ASÍ 17. 2. 2016.

Sýnishorn af stuðningi frá erlendum félögum og samböndum

Mál 7. Önnur mál



VM Félag vélstjóra og málmæknimanna

Endurskoðuð fjárhagsáætlun vegna orlofshúsa 2016. Breyting vegna hærri leigutekna og aukins launakostnaðar. Ný áætlun samþykkt

Næsti stjórnarfundur verður 20. apríl þar sem skrifað verður undir ársreikninga.

Fundi slitið kl. 13:45

Halldór Arnar Guðmundsson ritaði fundargerð